

**Nd.**

**363. Þingsályktun**

um rannsókn verkefna fyrir unga menn.

(Afgreidd frá Nd. 17. apríl).

Neðri deild Alþingis ályktar að kjósa með hlutfallskosningu nefnd þriggja manna til þess að framkvæma ýtarlega rannsókn á atvinnuleysi ungra manna í landinu og orsökum þess, og gera tillögur um, á hvern hátt best verði ráðið fram úr því. Skal nefndin m. a. miða tillögur sínar við það, að unglíngarnir hljóti verklega og bóklega kennslu og verði fyrir hollum uppeldisáhrifum, að stofnað verði til sjálfhoðavinnu við þjóðnytjaverk, og að ráðstafanir vegna atvinnulausra unglínga dragi sem minnst úr atvinnumöguleikum fulltíða manna.

Nefndin sé ólaunuð.